

Breytileg orðaröð í sagnlið

1. Inngangur

Þegar forníslenskir textar eru skoðaðir verður fljótt ljóst að orðaröð er þar allmiklu fjölbreytilegri en í nútímamáli, og ýmis orðaraðartilbrigði sem koma fyrir í forn máli eru ótæk nú á dögum.¹ Um upphaf setninga gilda þó nokkurn veginn sömu reglur að fornu og nýju. Meginreglan er sú að sögnin er annaðhvort í fyrsta eða öðru sæti; á undan henni getur aðeins staðið einn setningarliður. Í setningum með einni sögn (í persónuhætti) er því enginn grundvallarmunur á orðaröð formáls og nútímamáls; setningar eins og (1a-c) eru eðlilegar bæði að fornu og nýju, en (1d-g) ótækar, eins og stjörnumerkingin á að sýna:

- (1) a. (en) þeir *drápu* hann ... (*Brennu-Njáls saga*, s. 218)
b. *Drápu* þeir Þórir nokkura menn af þeim. (*Ólafs saga helga*, s. 306)
c. Síðan *drápu* þeir hann. (*Ljósvetninga saga*, s. 1688)
d. *Þeir hann *drápu* síðan.
e. *Hann þeir *drápu* síðan.
f. *Þeir síðan *drápu* hann.
g. *Þeir hann síðan *drápu*.

Málið horfir hins vegar öðruvísi við þegar skoðaðar eru setningar sem hafa að geyma fleiri en eina sögn; þ.e. sagnir í fallháttum (lýsingarhætti og/eða nafnhætti) auk sagnar í persónuhætti. Þá fáum við í fornu máli margvíslegar setningar eins og sést í (2):

- (2) a. Lýtingur af Sámsstöðum mun [_{SÍ} **hafa** *vegið hann og bræður hans*] (*Brennu-Njáls saga*, s. 243)
b. En ekki mun eg [_{SÍ} **þenna mann** *séð hafa*]. (*Laxdæla saga*, s. 1632)
c. Þorgilsí hafði [_{SÍ} **gefín verið öxi góð**] (*Þorgils saga og Hafliða*, s. 25)
d. Þykir mér þeir [_{SÍ} **illan mann hafa** *til fengið*] ... (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1289)

Þessar setningar eiga það sameiginlegt að auk sagnar í persónuhætti hefur hver þeirra að geyma tvær sagnir í fallhætti, þ.e. nafnhætti eða lýsingarhætti þátíðar. Önnur þessara sagna er hjálparsögn (*hafa* eða *vera*), en hin aðalsögn (*vega*, *sjá*, *gefa*, *fá*); og allar þessar aðalsagnir eru áhrifssagnir, taka með sér andlag. Til hægðarauka hef ég auðkennt hjálparsagnirnar með feitu lettri, aðalsagnirnar með skáletri, en andlögin eru undirstrikuð.

Í fyrstu setningunni er orðaröðin rétt eins og í eðlilegu nútímamáli; aðalsögnin kemur á eftir hjálparsögninni, og andlagið þar á eftir. Allar sagnir í setningunni taka því fylliliði sína á eftir sér (stjórna til hægri). Þetta er oft kölluð "hrein VO-röð".² Þessu er þveröfugt farið í (2b). Þar kemur andlagið fyrst, síðan

¹ Ýmsir þættir þessarar greinar hafa áður verið settir fram í fyrirlestrum við University of Pennsylvania í Philadelphia í nóvember 1992; hjá Íslenska málfræðifélaginu í sama mánuði; við University of Toronto í mars 1993; á fræðimannanámsskeiði í Melbu í Noregi um mánaðamótin júní-júlí sama ár; og á Rannsóknaræfingu Félags íslenskra fræða í maí 1994. Ég þakka áheyrendum á þessum stöðum gagnlegar umræður og athugasemdir, og ennfremur þeim Höskuldi Þráinssyni, Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Jóhannesi Gísla Jónssyni. Einnig þakka ég Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir styrk til verksins.

² Á erlendum er málum röðin sögn - andlag yfirleitt táknuð VO, þar sem V táknar sögn og O andlag. Öfug röð, þ.e. andlag á undan sögn, er táknuð OV. Hér á eftir mun ég iðulega nota þessar skammstafanir. Þó er rétt að benda á að O stendur í þessu samhengi ekki einungis fyrir andlög, heldur fyrir alla fylliliði sagna (complements), þ.e. fasta fylgiliði sagnanna. Auk andlaga

aðalsögnin, og loks hjálparsögnin, enda er röðin þar oft kölluð "hrein OV-röð". Þá verður reyndar að athuga að fyrsta sögn setningarinnar, sú sem er í persónuhætti, er undanskilin; hún hefur fyllilið sinn á eftir sér (ef setningin hefði algerlega "hreina" OV-röð væri (2b) **En ekki eg þenna mann séð hafa mun*). OV-röð í formáli tekur því aðeins til sagnliða, en ekki til setningarinnar í heild (IP/CP).

Setningar eins og (2b), með "hreinni" OV-röð í sagnlið (þ.e. á eftir persónuháttarsögninni), eru mjög algengar í forníslensku; en auk "hreinna" VO- og OV-raða er þar mikið um "blandaðar" raðir, eins og setningarnar í (2c-d), þar sem hjálparsögnin treður sér milli aðalsagnarinnar og andlagsins. Í (2c) hefur *vera* höfuðorð fylliliðar síns, aðalsögnina *gefa*, á undan sér, eins og um OV-röð væri að ræða; en fylliliður þessarar sömu aðalsagnar, andlagið *öxi góð*, er aftast í sagnliðnum, eins og í VO-röð. Í (2d) tekur hjálparsögnin *hafa* höfuðorð fylliliðar sína, aðalsögnina *fá*, næst á eftir sér, eins og í VO-röð; en andlag aðalsagnarinnar kemur hins vegar á undan báðum fallháttarsögnunum.

Í nútímamáli gilda aftur á móti nokkuð fastar reglur um röð sagna í fallháttum og fylgiliða þeirra. Þannig má heita að röðin í (3a) sé sú eina sem er tæk í 20. aldar íslensku:

- (3) a. Ekki mun ég **hafa séð þennan mann**.
- b. *Ekki mun ég **hafa þennan mann séð**.
- c. *Ekki mun ég **séð hafa þennan mann**.
- d. *Ekki mun ég **séð þennan mann hafa**.
- e. *Ekki mun ég **þennan mann séð hafa**.
- f. *Ekki mun ég **þennan mann hafa séð**.

En í fornu máli er fjölbreytnin greinilega miklu meiri. Hér hefur því orðið setningafræðileg breyting sem forvitnilegt er að kanna nánar, og við það verður fengist í þessari grein. Helstu spurningar sem leitað verður svara við eru þessar:

- (4) a. Við hvaða aðstæður geta tilbrigði eins og í (3b-f) komið fyrir?
- b. Koma öll þessi tilbrigði fyrir í fornu máli?
- c. eru öll þau tilbrigði sem fyrir koma álíka algeng?
- d. eru öll tilbrigðin jafnréttá, eða virðast einhver þeirra leidd af öðrum?
- e. Er hægt að tala um einhverja grundvallarorðaröð í sagnliðnum í fornu máli?
- f. Hvers eðlis er sá breytileiki sem þarna kemur fram?
- g. Hvenær hverfa tilbrigðin í (3b-f) úr málinu?
- h. Hvers vegna hverfa þessi tilbrigði?

Í 2. kafla er leitast við að svara þrem fyrstu spurningunum. Í 2.1 kemur fram að orðaröð af þessu tagi er skilyrt af því að í setningunni sé a.m.k. ein sögn í fallhætti. Í 2.2 eru síðan tekin dæmi um þau tilbrigði sem fundist hafa, og sýnt að af mynstrunum í (3) koma öll fyrir nema (3d). Einnig kemur þar fram að mynstrin eru mjög misalgeng, og (3a), (3c) og (3e) eru margfalt algengari en (3b) og (3f).

Í 3. kafla er fengist við næstu tvær spurningar, (4d-e). Í 3.1 er bent á að venjulega er gert ráð fyrir að ein og sama grundvallarorðaröð gildi fyrir allar setningar málsins; því sýni sumar setningar grunnröðina beint, en aðrar séu leiddar af henni með færslum. Í 3.2 eru raktar hugmyndir um setningafræðilegar breytingar, sem byggjast á endurtúlkun; einkum hugmyndir Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1988) um breytingar á orðaröð í sagnliðnum í íslensku. Í 3.3 eru settar fram efasemdir um að hægt sé að gera ráð fyrir einni og sömu grunnröð í sagnlið í öllum setningum í fornu máli, og í 3.4 eru færð rök að því að gera verði ráð fyrir að bæði OV og VO hafi verið mögulegar grunnraðir. Í 3.5 er síðan sett fram sú kenning að "hausfæribreytan" (head parameter), sem ákvarðar röð höfuðorðs (í þessu tilviki sagnar) og fylliliðar, hafi ekki haft neitt gildi í forníslensku.

geta forsetningar- og atviksliðir stundum verið fylliliðir með aðalsögnum, en hjálparsagnir taka sagnliði sem fylliliði. Þannig eru *hann og bræður hans* og *þenna mann* fylliliðir aðalsagnanna *vega* og *sjá* í (2a-b). Fylliliðir hjálparsagnarinnar *hafa* í þessum tveim dæmum eru sagnliðirnir *vegið hann og bræður hans* og *þenna mann séð*; og fylliliðir hjálparsagnarinnar *munu* í sömu dæmum eru sagnliðirnir *hafa vegið hann og bræður hans* og *þenna mann séð hafa*.

Í 4. kafla er svo glímt við þrjár síðustu spurningarnar. Í 4.1 er bent á að breytileikinn virðist vera tilviljanakenndur að miklu leyti, og mismunandi raðir koma fyrir hlið við hlið í sama texta. Í 4.2 er gerð grein fyrir því að breytileikinn virðist vera nokkuð stöðugur í allt að sjö aldir, allt fram á 19. öld. Í 4.3 er svo bent á að hæpið er að telja allan þann tíma breytingaskeið; breytingar af þessu tagi hafa gengið yfir á mun skemmri tíma í skyldum málum, og breytingakúrfa sem næði yfir þessar 7 aldir yrði mjög óvenjuleg. Í 4.4 eru svo settar fram lauslegar tilgátur um ástæður þess að mynstrin í (3b-f) hverfa snemma á 19. öld.

Að lokum eru niðurstöður svo dregnar saman í 5. kafla.

2. Orðaröð formmáls

2.1 Skilyrði fyrir breytileika

Eins og fram hefur komið taka sagnir í persónuhætti (þ.e. þær sem standa í hjálparlið) ævinlega fylliliði sína á eftir sér í fornu máli;³ því þarf a.m.k. eina sögn í fallhætti til að þessi tilbrigði geti komið fram. Slík dæmi geta verið af ýmsum toga. Einföldust og algengust eru dæmi með einhverri þeirra sagna sem venja er að kalla hjálparsagnir; *munu, skulu, hafa, vera, verða*. Þannig fáum við dæmi eins og þessi:

- (5) a. Eg **mun** [það gera]. (*Ljósvetninga saga*, s. 1661)
 b. (að) Gellir **mun** [kominn vera]. (*Króka-Refs saga*, s. 1519)
 c. (Og er) hann **hefir** [það gert] ... (*Gísla saga Súrssonar*, s. 889)
 d. (að) Grettir **hafí** [sterkastur verið á landinu] ... (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1043)
 e. Hún **var** [honum gefin]. (*Víga-Glúms saga*, s. 1911)
 f. (að) hann **var** [á land kominn] ... (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1090)

En einnig koma sagnir fram í nafnhætti í fylliliðum ýmissa sagna, s.s. núþálegra sagna, sagna eins og *segja, biðja, þykja* og margra fleiri; og þar getur fylliliðurinn einnig komið á undan sögninni:

- (6) a. (ef) eg **má** eigi [honum hjálpa]. (*Flóamanna saga*, s. 769)
 b. Ekki **vil** eg þar [um tala] ... (*Bandamanna saga*, s. 16)
 c. Eigi **vil** eg [út ganga] ... (*Brennu-Njáls saga*, s. 281)
 d. Hún **segir** hann [heima vera]. (*Fóstbræðra saga*, s. 804)
 e. Húskarl **bað** hann [þetta þiggja] ... (*Bjarnar saga Hítðlakappa*, s. 109)
 f. (að) honum **þótti** [tvísýnt verið hafa] ... (*Finnboga saga ramma*, s. 668)

Flestar tegundir fylliliða sem sagnir taka á annað borð geta komið á undan sögninni í fornu máli; hér að framan má finna dæmi um andlög (5a,c,e) og (6a,e); lýsingarorðssagnfyllingar (5d) og (6f); forsetningarliði (5f); atviksliði (6d); aðrar fallháttarsagnir (5b) og (6f); forsetningar (6b); og agnir (6c). Einu fylliliðirnir sem aldrei standa á undan sögn eru aukasetningar. Þótt báðar raðir komi fyrir með t.d. fornafnsandlagi, eins og í (7), verður aukasetning sem er fylliliður ævinlega að fara á eftir sögninni; dæmi á við (8b) koma aldrei fyrir. Benda má á að hið sama gildir í þýsku og hollensku, sem annars eru OV-mál.

- (7) a. **Var** Þorgrími [sagt þetta]. (*Flóamanna saga*, s. 735)

³ Þetta er auðvitað einföldun, því að þegar beitt hefur verið kjarnafærslu (topicalization) getur andlag staðið á undan sögn í persónuhætti:

- (i) Þenna mann kenna þeir. (*Króka-Refs saga*, s. 1528)

Í slíkum tilvikum er hins vegar hægt að sýna fram á að um færslu er að ræða, og andlagið fer á eftir sögninni í grunngerð setninganna; enda koma slíkar setningar ekki síður fyrir í nútímamáli.

- b. **Var** konungi [þetta *sagt*]. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 223)
- (8) a. **Var** konungi þá [*sagt* [s að Erlingur Skjálgrsson hafði liðsafnað mikinn á Jaðri ...]]. (*Ólafs saga helga*, s. 481)
- b. ***Var** konungi þá [[s að Erlingur Skjálgrsson hafði liðsafnað mikinn á Jaðri] *sagt*].
- Auðvelt er að ganga úr skugga um að það sem ræður því hvort fylliliður getur staðið á undan sögn er ekki hver sögnin er, heldur hvort hún er í persónuhætti eða ekki. Þetta sýna eftirfarandi setningar:
- (9) a. Egill sagði [s að hann hefði [*drepið þræla Gríms*]]. (*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 517)
- b. *Egill sagði að hann þræla Gríms drepið hefði.
- c. Hann sagðist [það gert hafa]]. (*Eyrbyggja saga*, s. 548)
- d. Hallfreður sagði [s sig það gjarna vilja]]. (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1244)
- e. Þorgils sagði [s sér það vel líka]]. (*Þorgils saga skarða*, s. 584)
- (10) a. Grímur bað hann [s PRO það fyrst gera]]. (*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 416)
- b. Þá hljóp Björn prestur úr seti til Kolbeins og bað [s að hann veitti honum]]. (*Guðmundar saga dýra*, s. 163)

Í (9a) tekur sögnin *segja* með sér aukasetningu með sögn í persónuhætti, sem verður því að standa í öðru sæti; orðaröðin er þar rétt eins og í nútímamáli. Setningar á við (9b), þar sem persónuháttarsögnin er aftast, koma ekki fyrir í fornu máli. Miðmynd sömu sagnar, *segjast*, tekur hins vegar með sér nafnháttarsetningu, eins og sést í (9c). Þar er röðin nákvæmlega sú sama og í hinni ótæku (9b), þ.e. andlag - aðalsögn - hjálpar sögnin *hafa*. Munurinn er aðeins sá, að í (9c) er *hafa* í nafnhætti, en ekki í persónuhætti. Sama er að segja um (9c-e) (með "afbrigðilegri" fallmörkun (ECM)) og (10a) (með PRO í frumlagssæti aukasetningar, sjá Halldór Ármann Sigurðsson 1991); þar er sögn aukasetningarinnar í nafnhætti, og í slíkum tilvikum getum við fengið hreina OV-röð í aukasetningunni í heild. Í (10b) er aftur á móti yfirborðsfrumlag í aukasetningunni; því stendur sögnin þar í persónuhætti og OV-röð kemur ekki fram.

Á undanföllum árum hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir því að sagnir í persónuhætti séu færðar inn í sérstakan hjálparbás (Infl), sem taki sagnlið sem fyllilið og standi framan við hann. Fyrir þessu eru mörg og margvísleg rök, sem ekki er hægt að fara út í hér (sjá t.d. Platzack 1986; Höskuld Þráinsson 1990; Halldór Ármann Sigurðsson 1989; o.m.fl.). Setningar eins og (9) og (10) má vel fella að þeirri kenningu. Þann mun sem fram kemur þar milli aukasetninga með persónuháttarsögn og nafnháttarsetninga má skýra svo að í forn máli hafi allar sagnir hvefrrar setningar getað verið upprunnar aftan fylliliðar síns. Krafan um færslu sagnar í hjálparbás komi á hinn bóginn í veg fyrir að persónuháttarsagnir birtist nokkurn tíma aftast; hjálparbásinn tekur fyllilið sinn (sagnliðinn) nefnilega á eftir sér, bæði að fornu og nýju. En í sérstökum tegundum aukasetninga, sem hafa engan hjálparbás (eins og (9c-e) og (10b)), verði þessi færsla ekki, og þar geti því allar sagnir komið fram í grunnstöðu sinni. Enginn munur virðist vera á aðalsetningum og aukasetningum að þessu leyti, sem virðist sýna að forníslenska hafi verið "Infl-medial", en ekki "Infl-final", eins og þýska og hollenska eru venjulega taldar vera.

Þegar litíð er til sagna í hjálparlið, þ.e. persónuháttarsagna, er íslenska VO bæði að fornu og nýju; þær sagnir taka fyllilið sinn, sagnliðinn, alltaf á eftir sér. En þetta hefur ekki alltaf verið svo. Oft er gert ráð fyrir því að í frumgermönsku hafi sagnir í persónuhætti staðið aftast í setningu, þ.e. komið á eftir fylliliðum sínum, líkt og persónuháttarsagnir gera enn í aukasetningum í þýsku og hollensku (sjá t.d. Lehmann 1974; Halldór Ármann Sigurðsson 1988). Það er þó ljóst að setningin sjálf (S (IP)) er algerlega orðin VO á tíma elstu varðveittra íslenskra texta. Hins vegar er óljóst hvað segja skuli um sagnliðinn (SI (VP)), en um grunnröð hans er fjallað hér á eftir. En fyrst er nauðsynlegt að skoða betur hvaða orðaraðir koma fyrir í sagnliðnum í fornu máli og hverjar ekki.

2.2 Orðaraðartilbrigði í sagnlið

Þau orðaraðartilbrigði sem fyrir koma í sagnliðnum í fornu máli eru í raun furðu mörg og fjölbreytt; í fljótu bragði gæti manni virst að allar hugsanlegar orðaraðir kæmu þar fyrir. Hér á eftir eru sýnd dæmi um þær orðaraðir sem ég hef fundið dæmi um í fornum textum. Enginn munur virðist vera á orðaröð aðal- og aukasetninga í fornu máli, og því eru dæmi hér tekin úr báðum tegundum án þess að greint sé sérstaklega á milli. Athugið að hér er aðeins tekið tillit til sagna og andlaga; en auk þess geta ýmiss konar atviksliðir og forsetningarliðir (og fleira) staðið á ýmsum stöðum milli þessara liða. Auk þess eru dæmi um ýmsar tegundir "klofinna" liða (sjá Faarlund 1990).

- (11) *Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi:*
- a. Eg mun þiggja hrossin. (*Víga-Glúms saga*, s. 1927)
 - b. Faðir minn mun því ráða. (*Víglundar saga*, s. 1976)
- (12) *Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum:*
- a. Jarlinn hafði gefið honum skipið. (*Íslendinga saga*, s. 263)
 - b. ... og muntu henni gefa moturinn ... (*Laxdæla saga*, s. 1602)
 - c. ... að hann hefir líf gefið barninu. (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1259)
 - d. ... því að þú hefir mér líf gefið ... (*Gísla saga Súrssonar*, s. 938)
- (13) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi:*
- a. ... að sárið mundi hafa grandað honum. (*Bandamanna saga*, s. 25)
 - b. Nú munu þær eigi hafa því unað ... (*Þiðranda þáttur*, s. 2255)
 - c. ... og hann mundi tekið hafa hross þeirra. (*Vatnsdæla saga*, s. 1903)
 - d. ... og kvaðst það hafa gert til yfirbóta við hana (*Bjarnar saga Híttdælakappa*, s. 88)
 - e. ... og kvaðst enginn maður þetta gera vilja. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1407)
- (14) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum:*
- a. ... en Eyjólfur kvaðst hafa gefið Bjarna sauðina. (*Reykdale saga*, s. 1769)
 - b. ... en kveðst segja honum mundu fyrstum tíðindin. (*Brennu-Njáls saga*, s. 339)
 - c. Gísli kveðst aldrei mundu Kolbeini eiða sverja. (*Þórðar saga kakala*, s. 460)
 - d. Ófeigur ... kveðst ekki mundu mikla tillögu veita honum. (*Bandamanna saga*, s. 26)
 - e. ... en hann mundi fengið hafa henni mikinn áverka. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1006)
 - f. Ásbjörn lést honum mundu gefa fé til. (*Hákonar saga herðibreiðs*, s. 808)
 - g. ... hví Bolli mun sér hafa þar svo staðar leitað ... (*Laxdæla saga*, s. 1613)
 - h. Hallbjörn ... kveðst enn hverjum manni veitt hafa búðarrúm ... (*Gísla saga Súrssonar*, s. 940)
 - i. Bárður kvaðst honum engi mundu segja. (*Króka-Refs saga*, s. 1528)
 - j. ... að þessi maður mundi honum sanna hluti sagt hafa. (*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 179)
 - k. Þykist eg nú það hafa launað þér. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1042)
 - l. Hann kveðst fyrir löngu það hafa honum spáð ... (*Finnboga saga ramma*, s. 634)

Þetta eru alls 23 tilbrigði, og hafið í huga að í nútímaíslensku eru aðeins fjögur þeirra, þ.e. a-setningarnar, tæk. Manni gæti sýnst í fljótu bragði að orðaröð í sagnlið hefði verið fullkomlega frjáls að fornu; á eftir sögn í persónuhætti geti liðirnir staðið í hvaða röð sem er. Það er reyndar meginkenning Jans Terje Faarlund í nýlegri bók, *Syntactic Change* (1990).

2.3 Mynstur

Þegar betur er að gáð kemur þó í ljós að frelsið er ekki algjört; a.m.k. finnast ekki dæmi um alla hugsanlega möguleika. Þetta má sjá í (15)-(18), þar sem ég hef sett upp þau mynstur sem hugsanleg eru, og hver þeirra koma í raun og veru fyrir.

(15) *Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi*

- a. (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{ba}
- b. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{aðal}

(16) *Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum*

- a. (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{lóa} - N_{ba}
- b. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - S_{aðal} - N_{ba}
- c. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{aðal} - N_{lóa}
- d. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - N_{ba} - S_{aðal}

(17) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi*

- a. (X) - S_{oph}- S_{hj} - S_{aðal} - N_{ba}
- b. (X) - S_{oph}- S_{hj} - N_{ba} - S_{aðal}
- c. (X) - S_{oph}- S_{aðal} - S_{hj} - N_{ba}
- d. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{hj} - S_{aðal}
- e. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{aðal} - S_{hj}
- f. * (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{ba} - S_{hj}

(18) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum*

- a. (X) - S_{oph}- S_{hj} - S_{aðal} - N_{lóa} - N_{ba}
- b. (X) - S_{oph}- S_{hj} - N_{lóa} - S_{aðal} - N_{ba}
- c. (X) - S_{oph}- S_{hj} - N_{lóa} - N_{ba} - S_{aðal}
- d. (X) - S_{oph}- S_{hj} - N_{ba} - S_{aðal} - N_{lóa}
- e. (X) - S_{oph}- S_{aðal} - S_{hj} - N_{lóa} - N_{ba}
- f. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - S_{hj} - S_{aðal} - N_{ba}
- g. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - S_{hj} - N_{ba} - S_{aðal}
- h. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - S_{aðal} - S_{hj} - N_{ba}
- i. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - N_{ba} - S_{hj} - S_{aðal}
- j. (X) - S_{oph}- N_{lóa} - N_{ba} - S_{aðal} - S_{hj}
- k. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{hj} - S_{aðal} - N_{lóa}
- l. (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{hj} - N_{lóa} - S_{aðal}
- m. * (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{aðal} - S_{hj} - N_{lóa}
- n. * (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{lóa} - S_{hj} - N_{ba}
- o. * (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{lóa} - N_{ba} - S_{hj}
- p. * (X) - S_{oph}- S_{aðal} - N_{ba} - S_{hj} - N_{lóa}
- q. * (X) - S_{oph}- N_{lóa} - S_{aðal} - N_{ba} - S_{hj}
- r. * (X) - S_{oph}- N_{ba} - S_{aðal} - N_{lóa} - S_{hj}

X = einhver ótiltekinn liður; S_{oph} = sögn í persónuhætti; S_{hj} = hjálparsögn (í nh. eða lh.pt.); S_{aðal} = aðalsögn (í nh. eða lh.pt.); N_{ba} = (beint) andlag; N_{lóa} = óbeint andlag.

Hér eru stjórnumerkt þau mynstur sem ég hef ekki fundið dæmi um í því textasafni sem ég hef leitað í.⁴ Eins

⁴ Þar er um að ræða Íslendingasögur og -þætti, Sturlungu, Heimskringlu, Landnámu og Grágás. Ég hef leitað að dæmunum í tölvu, en vissulega er ekki útilokað að einhver þeirra mynstra sem ég hef ekki fundið dæmi um komi fyrir; en þau eru þá örugglega mjög sjaldgæf.

og þessi dæmi sýna koma flest hugsanleg mynstur fyrir, þótt vitanlega séu þau misáberandi; sum eru mjög algeng, en önnur afar sjaldgæf. Bæði mynstrin í (15) eru mjög algeng. (16a) er algengt, en önnur mynstur í (16) eru sjaldgæf. (17a), (17c) og (17e) eru algeng, en (17b) og (17d) eru sjaldgæf. Flest mynstrin í (18) eru sjaldgæf, enda eru setningar með tveimur fallháttarsögnum og tveimur andlögum ekki margar. Það er þó ljóst að (18a) er algengasta mynstrið, og (18h-j) virðast líka vera tiltölulega algeng, en hin mynstrin sem fyrir koma eru öll mjög sjaldgæf.

3. Grundvallarorðaröð sagnliðar

3.1 Ein grunnröð?

Augljóslega er ekki einfalt mál að setja fram heildstæða greiningu á þessum fjölbreytileik. Tvær nýlegar greiningar, mjög ólíkar, eru til; greining Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1988), sem fjallað er um hér á eftir, og greining Faarlunds (1990). Faarlund telur að engin sérstök grundvallarorðaröð hafi verið á eftir persónubeygðu sögninni í fornu máli, og sagnliður hafi þar alls ekki verið til (forníslenska hafi verið "non-configurational"). Ég hef annars staðar (Eiríkur Rögnvaldsson 1995) sýnt fram á að sú kenning fær með engu móti staðist.

Í grein sinni bendir Halldór Ármann Sigurðsson (1988) á þrjár hugsanlegar leiðir til að gera grein fyrir þeim tilbrigðum sem koma fyrir í sagnliðnum í fornu máli:

- (19) a. Með OV-grunnröð, og færslum (nafnliða og sagna í fallháttum) til hægri.
- b. Með VO-grunnröð, og færslum (fornafna og sagna í fallháttum) til vinstri.
- c. Með því að gera ráð fyrir tveimur grunnröðum; vali milli OV og VO.

Stungið hefur verið upp á (19c). Kossuth (1978) gerði ráð fyrir að forníslenska hefði haft "blandaða" grundvallarorðaröð í sagnliðnum, en það er ekki alveg ljóst hvernig má yfirfæra greiningu hennar í gildandi hugmyndir. Halldór Ármann Sigurðsson (1994) varpaði líka fram þeirri tilgátu að í fornu máli hefði verið val milli tveggja liðgerðarreglna fyrir sagnliðinn; önnur hefði gefið VO-röð, en hin OV-röð. Síðar hefur Halldór (1988) þó sett fram þá kenningu að (19b) sé rétta greiningin á grunngerð sagnliða í fornu máli. Hann hafnar (19a) sem möguleika, og enginn hefur mér vitanlega haldið þeim kosti fram.

Hér að framan var nefnt að sagnliðurinn í nútímaíslensku væri "head-initial", þ.e. sögnin stæði fremst í honum, á undan fyllilið(um) sínum; en í sumum málum, t.d. þýsku og hollensku, er hann "head-final". Yfirleitt gera menn ráð fyrir því að mál verði að velja annan hvort kostinn. Það þýðir að í grunngerð setninga taka allar sagnir málsins fylliliði sína annaðhvort á eftir sér eða undan. Þar fyrir kunna að vera ýmsar setningar í málinu þar sem röðin er öfug; en þá er yfirleitt hægt að finna rök fyrir því að sú röð sé leidd af hinni, annaðhvort með færslu sagnarinnar eða fylliliðarins. Tökum dæmi:

- (20) a. Hann reyndi ýmislegt.
- b. Hann hefur reynt ýmislegt.
- c. Hann hefur ýmislegt reynt.
- d. Hann hefur mátt reyna ýmislegt.
- e. Hann hefur ýmislegt mátt reyna.
- f. *Hann hefur ýmislegt reyna mátt.

Í (20c) stendur andlagið á undan aðalsögninni. Sú setning sker ekki úr um grunngerðina ein og sér; andlagið er þar grannstætt sögninni, þótt það standi að vísu á undan henni en ekki eftir, eins og venja er. Því er þar um þrjá kosti að ræða. Í fyrsta lagi gæti hér verið um að ræða "head-final" sagnlið. Í öðru lagi gæti þessi setning verið leidd út með færslu andlagsins til vinstri, yfir aðalsögnina; og í þriðja lagi gæti hún verið leidd út með færslu aðalsagnarinnar til hægri, yfir andlagið. e- og f-setningarnar duga hins vegar til að velja milli þessara möguleika. Í (20e), sem er í lagi, er andlagið ekki grannstætt aðalsögninni, og þar hlýtur því að vera um einhverja færslu að ræða. Vegna þess að (20f) er ótæk er eðlilegt að ætla að um sé að ræða færslu andlagsins

fram fyrir báðar fallháttarsagnirnar, en ekki víxlaða röð sagnanna, því að sú setning sem þar yrði að liggja að baki er ótæk.

Því hlýtur fyrst að verða að athuga hvort hægt sé að leiða öll tilbrigðin af sams konar setningagerð; gera ráð fyrir að á bak við þau öll liggi annaðhvort OV-röð eða þá VO-röð. Við skulum reyna að glöggva okkur aðeins á þeim færslum sem þá yrði að gera ráð fyrir. Vissulega eru til kenningar sem geta skýrt mismunandi stöðu mismunandi tegunda andlaga. Þannig er það alþekkt að fornöfn, einkum persónufornöfn, eignarfornöfn og ábendingarfornöfn, og liðir sem innihalda þau, hafa tilhneigingu til að leita frammar í setningu en liðir sem gegna sama setningafræðilegu hlutverki en hafa að geyma önnur orð. Þeir sem hafa lært rómönsk mál þekkja t.d. að fornafnaandlög standa frammar í setningu en önnur andlög. Aftur á móti hafa svokallaðir "þungir" nafnliðir, þeir sem eru langir og/eða flóknir, tilhneigingu til að standa aftar í setningu en setningafræðilegt hlutverk þeirra gæfi tilefni til. Þetta á einnig við um "óákveðna" nafnliði, þ.e. liði þar sem höfuðorðið er án ákveðins greinis.


Á þessu hvorutveggja eru ýmsar skýringar, sem við þurfum ekki að fara út í hér; nóg er að hafa í huga að þessara tilhneinginga gætir í mjög mörgum tungumálum. Það er ljóst að þetta kemur líka fram í forníslensku. Þannig er miklu algengara að fornafnaandlög standi á undan fallháttarsögn en önnur andlög, eins og Halldór Ármann Sigurðsson (1988) hefur t.d. bent á. Þannig sýnir (21a) dæmigerða röð með fornafnaandlagi, en (21b) dæmigerða röð þar sem andlagið er sérnafn.

- (21) a. Þá skal [hann drepa] (Þorgils saga skarða, s. 625)
b. Þá skal [drepa Þorkel fullspak] (Fljótsdæla saga, s. 709)

Það er þó rétt að taka fram að vissulega kemur einnig fyrir að fornafnaandlög fari á eftir fallháttarsögninni, og sérnöfn á undan.

3.2 Endurtúlkun


Eins og áður var nefnt er venjulega talið að frumnorræna hafi verið OV-mál. Halldór Ármann Sigurðsson (1988) gerir ráð fyrir að einhvern tíma í málsögunni, a.m.k. fyrir ritunartíma elstu varðveittra handrita íslenskra, hafi þetta breyst; vegna fjölda VO-setninga á yfirborði hafi grunngerðin verið **endurtúlkun** sem VO. **Endurtúlkun** er hér lykilhugtak, sem nauðsynlegt er að átta sig vel á. Í umfjöllun um setningafræðilegar breytingar innan ramma generatífrar málfræði er oft miðað við þetta líkan (sjá t.d. Andersen 1973:767; Lightfoot 1979:148; Falk 1993:34):




Þetta á að sýna að hver ný kynslóð verður að "koma sér upp" málfræði móðurmálsins út frá **máli** foreldranna. Málfræðin sjálf verður ekki yfirfært beint. Eitt grundvallaratriði generatífrar málfræði er að málkerfið sé að verulegu leyti meðfætt, en ytra áreiti sem barn á máltökuskeiði verður fyrir, þ.e. málið sem það heyrir í kringum sig, ákvarði málkerfið síðan í smáatriðum; ráði því hvort barnið lærir að tala íslensku, tagalog, kínversku o.s.frv.

Máltakan eða málnámið felst sem sagt í því að barnið greinir mál foreldranna ("Mál 1" í (22) hér að framan) og byggir upp sína eigin málfræði ("Málfræði 2" í (22)) út frá því. Það þýðir að röklega er ekkert því til fyrirstöðu að málfræði barnsins verði talsvert ólík málfræði foreldranna, ef hægt er að greina Mál 1 á mismunandi vegu, sem "afurð" tveggja mismunandi málkerfa. Dæmi um þetta er sýnt í (23). Hugsum okkur að **málkerfi** "eldri kynslóðarinnar" sé OV, eins og sýnt er í (23a). **Mál** þessarar kynslóðar er hins vegar ýmist OV eða VO, vegna þess að málkerfið leyfir að ýmsum hlutum setningar sé frestað (færðir til hægri). Þess

vegna kæmu bæði (23a) og (23b) fyrir í máli þessarar kynslóðar.



"Yngri kynslóðin" hefur hins vegar enga hugmynd um hvernig málkerfi þeirrar eldri lítur út; hún hefur bara aðgang að **málinu** sjálfu, og heyrir bæði setningar eins og (23a) og (23b). Þess vegna getur vel komið til greina að hún fari þveröfugt að; leggi (23b) til grundvallar, og komi sér þannig upp VO-málkerfi, en leiði setningar eins og (23a) út með því að færa setningarluta til vinstri. Þetta er sýnt í (24).



Hér hefur **málkerfið** gerbreyst, vegna þess að "yngri kynslóðin" greindi mál þeirrar "eldri" á nýjan hátt; en **málið** sjálft þarf ekki að hafa breyst neitt, því að bæði málkerfin búa yfir aðferðum til að "framleiða" báðar tegundir setninga.

"Endurtúlkun" á borð við þá sem hér var lýst gegnir lykilhlutverki í einu fyrsta riti sem skrifað var um setningafræðilegar breytingar innan ramma generatífrar málfræði; bók Lightfoots *Principles of Diachronic Syntax* (1979). Hugtökin **gangsæi** (transparency) og **ógangsæi** (opacity) skiptu meginmáli hjá Lightfoot; hann taldi að þegar börn væru að koma sér upp málkerfi veldu þau það kerfi sem væri "gagnsæjast". Endurtúlkun yrði því þegar hægt væri að greina mál "eldri kynslóðarinnar" sem afurð einfaldara málkerfis en þess sem þær setningar eru leiddar af. Hugsum okkur t.d. að málkerfi "eldri kynslóðarinnar" væri eins og í (23a), en í meginhluta allra setninga væru liðir færðir til hægri, þannig að flestar setningar sem "yngri kynslóðin" heyrði væru eins og (23b). Þá mætti búast við því að sú kynslóð túlkaði mál þeirrar eldri þannig að (23b) væri grunngerðin.

Halldór Ármann Sigurðsson (1988) beitti þessari hugmynd á sagnliðinn í fornu máli. Hann gerði ráð fyrir að einhvern tíma (fyrir ritunartíma elstu varðveittra handrita) hefði orðið endurtúlkun, þannig að í stað hinnar eldri málfræði A hafi komið málfræði B:

(25) <i>Málfræði A:</i>		<i>Málfræði B:</i>
OV-grunngerð	>	VO-grunngerð
+ VO með ummyndunum		+ OV með ummyndunum
(sagnarfærslu í hjálparbás og færslum "O" til hægri)		(færslum "O" til vinstri)

Grundvallarbreytingin, sjálf endurtúlkunin, felst sem sagt í breytingu á gildi færíbreytunnar sem ræður því hvoru megin sagnarinnar fylliliðir hennar standa, eins og sýnt er í (26).

(26) Málfræði A:	Málfræði B:
So tekur fylliliði á undan sér: Já	So tekur fylliliði á undan sér: Nei

En þetta er ekki eina breytingin. Ef svo væri, hyrfu allar OV-raðir úr málinu um leið, því að ekki væri lengur nein leið til að leiða þær út frá hinnu nýju grunngerð. Þar með væri orðinn gífurlegur munur á máli þeirra sem enn hefðu eldri málfræðina, og notuðu bæði OV- og VO-raðir, og þeirra sem hefðu nýrri málfræðina, og

notuðu eingöngu VO-raðir. Halldór bendir á að skyndilegri endurtúlkun eins og þessari eru þröng takmörk sett; hún má ekki leiða til þess að verulegur munur verði á málfari eldri kynslóðarinnar (sem hefur málfræði A) og þeirrar yngri (sem hefur málfræði B). Þess vegna verður að vera hægt að leiða u.þ.b. sömu yfirborðsgerðir út frá málfræði B og málfræði A; en afleiðslan verður augljóslega gerólik. Í stað færslna til hægri, sem OV-málfræðin notaði til að leiða út VO-setningar, verða að koma færslur til vinstri, þannig að VO-málfræðin geti leitt út OV-setningar. Þetta er sýnt í (27) og (28):

- (27) a. OV-grunnur (Málfræði A): Eg mun [_{S1} manninn séð hafa]
 b. Afleitt: Eg mun [_{S1} t_i t_j hafa séð_j manninn_i]
- (28) a. VO-grunnur (Málfræði B): Eg mun [_{S1} hafa séð hana]
 b. Afleitt: Eg mun [_{S1} hana_i séð_j hafa t_j t_i]

Það er auðvitað ljóst að breytingar á gildi einstakra færribreyta, eins og dæmi er sýnt um í (26), mega ekki leiða til þess að fólk sem hefur mismunandi gildi á viðkomandi færribreytu og lifir í sama málsamfélagi á sama tíma hætti að skilja hvert annað. Hins vegar er ekki víst að krafan um gagnkvæman skilning standi undir því sem á hana er lagt í þessari greiningu. Athugið að ef gildi færribreytunnar snýst við, án þess að nokkrar nýjar vinstri færslur komi til, "framleiðir" málfræði B hlutmengi af þeim setningum sem málfræði A gat "framleitt"; þ.e., VO-raðirnar. Eldri kynslóðin á því ekki í neinum vandræðum með að skilja þá yngri; yngri kynslóðin gæti hins vegar átt í erfiðleikum með þann hluta af setningu eldri kynslóðarinnar sem ekki samræmast málfræði B, þ.e. OV-raðirnar. Hugmyndin er því sú að til að fást við þær komi yngri kynslóðin sér upp mjújum vinstri færslum, eins og áður segir.

3.3 Efasemdir um einn grunn

En athugum nú að þótt það sé vissulega nauðsynlegt fyrir yngri kynslóðina að **skilja** OV-setningar þeirrar eldri, þá er ekki eins víst að nauðsynlegt sé fyrir hana að geta **notað** slíkar setningar. Það er augljóst og alkunna að munur er á "virkri" og "óvirkri" málkunnáttu; við getum skilið fjölda orða og setninga sem við notum ekki sjálf. Nútímaísendingar þurfa t.d. ekki mikla þjálfun til að skilja þær setningar með OV-röð (eða blandaðri röð) sem teknar hafa verið sem dæmi hér að framan, þótt enginn nútímamaður noti slíkar setningar í eigin máli.

Ef skyndileg endurtúlkun hefði átt sér stað, hefði yngri kynslóðin auðvitað orðið að koma sér upp "óvirkum" skilningi á OV-röðum; en engin sérstök ástæða er til að ætla að hún hefði komið sér upp aðferðum til að nota slíkar setningar sjálf. A.m.k. hefði mátt búast við að slíkum setningum fækkaði ört og hyrfu úr málinu á skömmum tíma. Nýjar kenningar í setningafræði byggjast mjög á þeirri hugmynd að leitast sé við að hafa afleiðslur sem stystar og "hagkvæmaster", og liðir séu ekki færðir nema nauðsyn beri til (sbr. Chomsky 1993).

Halldór Ármann Sigurðsson (1988) ræðir hann þann möguleika að forníslenska hafi verið OV í baklægri gerð, og VO-raðir verið leiddar af baklægri OV-röð með hægri færslum andlaga og annarra hluta sagnliðarins. Hann hafnar þó þessum möguleika, einkum vegna tilvistar setninga eins og (29), þar sem fornafn er aftast í sagnliðnum:

- (29) ... hvort hún vill eiga hann. (Brennu-Njáls saga, s. 142)

Halldór virðist telja að ef allar setningar væru OV í grunngerð yrðu setningar eins og (30) að vera leiddar út með færslu andlagsins, *hann*, til hægri; og það sé ótrúlegt, vegna þess að hægri færslur taki venjulega ekki til fornafna; "I do not know of a single established case of a postposing process applying to pronominal objects", segir Halldór (1988:31). Það er rétt, en hins vegar er alveg eins hægt að hugsa sér að (29) sé leidd af OV-grunngerð (*hvort hún vill hann eiga*) með færslu aðalsagnarinnar *eiga* til vinstri, yfir andlagið. Halldór yrði hvort eð er væntanlega að gera ráð fyrir slíkri vinstri færslu til að leiða setningu eins og (30) af VO-grunni:

- (30) ... eða þættist séð hafa hann fyrr. (Haralds saga Sigurðarsonar, s. 661)

Fyrir slíkri færslu eru þó engin sérstök rök; og í setningum með fornafni á eftir tveim fallháttarsögnum, eins og (31a), dugir þetta ekki einu sinni.

- (31) a. Þeir kváðust fyrir víst hafa séð hann. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1089)
b. Þeir kváðust hann séð hafa.
c. Þeir kváðust hann ____ hafa séð.
d. Þeir kváðust ____ hafa séð hann.
e. *Þeir kváðust séð hann ____ hafa.
f. Þeir kváðust hafa séð hann ____.

Til að leiða setningu eins og (31a) af OV-grunni, eins og sýndur er í (31b), má hugsa sér tvær leiðir, og hvor um sig felur í sér tvær færslur. Annar möguleikinn er sá að færa aðalsögnina aftur fyrir hjálparsögnina, eins og í (31c), og síðan andlagið aftur fyrir allt saman, eins og í (31d). Þetta er ófýsilegt, vegna þess að persónuformöfn virðast yfirleitt alls ekki færð aftar í setningu, heldur miklu frekar fram, eins og áður er sagt. Hinn möguleikinn er sá að færa aðalsögnina fram fyrir andlagið, eins og í (31e), og síðan hjálparsögnina þar fram fyrir, eins og í (31f). En þá yrðu þessar tvær færslur að vera á einhvern hátt tengdar; það má ekki láta nægja að færa aðalsögnina og skilja hjálparsögnina eftir, því að út úr slíku kæmi munstur sem ekki er til í fornu máli, (31e). Það er vandséð hvernig ætti að koma slíkri samtengingu við. (Röðin hjálparsögn - fornafnsandlag - aðalsögn kemur fyrir, en er mjög sjaldgæf.) Það má því fallast á það með Halldóri að það er ófýsilegt að gera ráð fyrir því að OV hafi verið grunngerð allra setninga í fornu máli.

Ef forníslenska hefði á hinn bóginn haft VO-grunn í öllum setningum þyrfti að leiða út setningar með hreinni OV-yfirborðsröð og tveimur fallháttarsögnum, eins og (32a), með tveimur vinstri færslum; færslu aðalsagnarinnar (og sennilega viðhengingu við hjálparsögn í fallhætti), og auk þess með færslu andlagsins (og sennilega viðhengingu við (efri) sagnliðinn). Ljóst er að þessar tvær færslur eru óháðar hvor annarri og þurfa ekki endilega að fara saman; við höfum fjölmörg dæmi um "blandaðar" raðir eins og (33a), þar sem aðalsögnin færir til vinstri (ef miðað er við VO-grunn). Einnig er til að andlagið færir til vinstri yfir aðalsögn og hjálparsögn (miðað við VO-grunn), en slíkar setningar, eins og (34), eru þó mjög sjaldgæfar.

- (32) a. En ekki mun eg [_{S1} þenna mann séð hafa]. (*Laxdæla saga*, s. 1632)
b. En ekki mun eg hafa séð þenna mann.
c. En ekki mun eg séð hafa ____ þenna mann.
d. En ekki mun eg þenna mann séð hafa ____.

- (33) a. Þorgils hafði [_{S1} gefin verið öxi góð]. (*Þorgils saga og Hafliða*, s. 25)
b. *Þorgils hafði gefin verið hún.

- (34) Þykir mér þeir [_{S1} illan mann hafa til fengið] ... (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1289)

Sé gengið út frá VO-grunni verður því að gera ráð fyrir að færsla aðalsagnar til hægri, án nokkurrar færslu andlagsins, sé mjög algeng. Hins vegar kemur röðin aðalsögn - hjálparsögn - andlag aðeins fyrir ef andlagið er "fullkominn" nafnliður, en ekki ef það er fornafn, eins og stjórnumerkingin á (33b) á að sýna (um setningar af því tagi hef ég aðeins fundið eitt dæmi, (30)).⁵ Ekki er auðvelt að koma auga á ástæður fyrir þessum mun; ástæður fyrir því að sagnar færsla af þessu tagi væri háð því hvort andlagið væri fornafn eða "fullkominn" nafnliður. En ef við viljum halda því fram að forníslenska hafi haft VO-grunn í öllum setningum verðum við að koma með einhverja skýringu á þessu.

Niðurstaðan er því sú að ef gert er ráð fyrir einum og sama grunni í öllum setningum formáls, hvort sem sá grunnur er talinn OV eða VO, verði miklum erfiðleikum bundið að leiða út ýmis þau orðaraðarmynstur sem fyrir koma.

⁵ Athugið að skýringin getur ekki verið sú að fornafnaandlög verði að færast með sögninni (þannig að við fáum V'-færslu í stað V-færslu); orðaröðin aðalsögn - andlag - hjálparsögn kemur ekki fyrir.

3.4 Rök fyrir breytilegum grunni

Hér skiptir miklu máli að mynstrin eru mjög misalgeng, eins og áður er komið fram. Algengustu mynstrin eru þau sem sýnd eru í (35).

- (35) a. (=2a) Lýtingur af Sámsstöðum mun [_{SI} **hafa** *vegið hann og bræður hans*] (*Brennu-Njáls saga*, s. 243)
b. (=2b) En ekki mun eg [_{SI} **þenna mann séð hafa**]. (*Laxdæla saga*, s. 1632)
c. (=2c) Þorgils hafði [_{SI} **gefin verið öxi góð**] (*Þorgils saga og Hafliða*, s. 25)

Það er að segja; mynstur þar sem röð hauss og fylliliðar er annaðhvort alltaf VO (35a) eða OV (35b), svo og eitt hinna blönduðu mynstra, það sem sýnt er í (35c); þó aðeins ef andlagið er "fullkominn" nafnliður en ekki fornafn, eins og bent var á hér að framan.

Hér að framan var sýnt fram á að það er ófýsilegt að leiða allar setningar með hreinni VO-röð í sagnlið af OV-grunni; og jafn ófýsilegt er að leiða allar setningar með hreinni OV-röð í sagnlið af VO-grunni. Ef gert er ráð fyrir einum og sama grunni í öllum setningum er undarlegt að mynstur með þveröfugri röð á yfirborði, þar sem gera þyrfti ráð fyrir flókinni afleiðslu, skuli vera svo algeng sem raun ber vitni.

Sé hins vegar gert ráð fyrir því að grunnurinn geti ýmist verið OV eða VO, er þetta einmitt eins og við er að búast; þá er eðlilegt að setningar án nokkurrar færslu, þ.e. með "hreinni" VO- eða OV-röð, séu algengastar. Tíðni setninga eins og (35c) er líka auðvelt að skýra; slíkar setningar er einfalt að leiða út af OV-grunni, vegna þess að frestun eða seinkun ("þungra") nafnliða er algeng hvort eð er, einnig í nútímamáli (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990); frumlögum er t.d. oft frestað (sbr. líka Pintzuk 1991:161-162):

- (36) a. Guðný var systir hans er átti *Vermundur mjóvi*. (*Eyrbyggja saga*, s. 547)
b. ... svo sem verið hafði *Egill eða Þórólfur* á hans aldri. (*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 489)
c. Þetta bænahald var vanur að hafa *Guðmundur biskup* þá er hann lifði (*Íslendinga saga*, s. 387)
d. En þenna mann hafði sent *Sturla Sighvatsson* ... (*Íslendinga saga*, s. 389)

Önnur blönduð mynstur er hins vegar erfitt að leiða út, hvort heldur er frá OV- eða VO-grunni. Setningar með röðinni aðalsögn - hjálparsögn - fornafnsandlag, sem eru nánast ekki til eins og áður segir, yrði að leiða út með hægri færslu fornafnsandlagsins, og slíkar færslur koma yfirleitt ekki fyrir, eins og fram kom hér á undan.

Setningar með (sjaldgæfu) röðinni andlag - hjálparsögn - aðalsögn mætti hugsa sér að leiða annaðhvort af OV-grunni með sagnarlyftingu (verb raising) og viðhengingu hægra megin á hjálparsögnina (sjá Haegeman & van Riemsdijk 1986, van Kemenade 1987, Pintzuk 1991) eða af VO-grunni með færslu andlagsins til hægri (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1988). Ég held að bæði fræðileg rök og reynslurök mæli með fyrri kostinum.

Í fyrsta lagi má nefna að slík vinstri færsla andlagsins minnir mjög á andlagsvíxl (Object Shift, sjá Holmberg 1986, Jonas & Bobaljik 1993); en andlagsvixlum er aðeins hægt að beita ef aðalsögnin hefur verið færð út úr sagnliðnum, og því er augljóslega ekki til að dreifa í þessum dæmum. Vissulega er hugsanlegt að forníslenska hafi búið yfir vinstri færslu sem hafi verið svipuð andlagsvixlum nútímamáls, en ekki gert kröfu um færslu aðalsagnar út úr sagnlið; en af fræðilegum ástæðum er það heldur ósennilegt. Í öðru lagi eru andlögin sem hér um ræðir stundum óákveðin, en óákveðin andlög eru yfirleitt ekki færð til vinstri (sjá t.d. Jonas & Bobaljik 1993).

Við þetta bætist að sé gert ráð fyrir því að allar setningar hafi sama grunn (hvort sem það er VO eða OV) vantar ekki einungis skýringu á mismunandi tíðni mynstranna í (15)-(18), heldur einnig á því að sum hugsanleg mynstur virðast ekki koma fyrir. Þegar mynstrin eru skoðuð nánar kemur í ljós að það virðist ekki tilviljanakennt hver koma ekki fyrir. Öll mynstur þar sem hjálparsögn fer á undan aðalsögn (annaðhvort næst

á undan, eða með eitt eða tvö andlög á milli) koma fyrir. Öðru máli gegnir hins vegar um mynstur þar sem aðalsögnin fer á undan hjálparsögninni. Þetta er sýnt í (37)-(38):

(37) *Mynstur sem fyrir koma með aðalsögn á undan hjálparsögn*

- | | | | | | | | | | | |
|----|-----------|------------------|---|--------------------|---|--------------------|---|------------------|---|------------------|
| a. | (= (17c)) | | | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | | | NI _{ba} |
| b. | (= (17e)) | NI _{ba} | - | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | | | |
| c. | (= (18e)) | | | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | NI _{óá} | - | NI _{ba} |
| d. | (= (18h)) | NI _{óá} | - | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | | | NI _{ba} |
| e. | (= (18j)) | NI _{óá} | - | NI _{ba} | - | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | |

(38) *Mynstur sem ekki koma fyrir með aðalsögn á undan hjálparsögn*

- | | | | | | | | | | | |
|----|-----------|------------------|------------------|--------------------|--------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| a. | (= (17f)) | | | SO _{aðal} | - | NI _{ba} | - | | | SO _{hj} |
| b. | (= (17n)) | | | SO _{aðal} | - | NI _{óá} | - | | | SO _{hj} |
| c. | (= (18o)) | | | SO _{aðal} | - | NI _{óá} | - | NI _{ba} | - | SO _{hj} |
| d. | (= (18p)) | | | SO _{aðal} | - | | - | NI _{ba} | - | SO _{hj} |
| e. | (= (18q)) | NI _{óá} | - | SO _{aðal} | - | | - | NI _{ba} | - | SO _{hj} |
| f. | (= (18r)) | | NI _{ba} | - | SO _{aðal} | - | NI _{óá} | - | | SO _{hj} |
| g. | (= (18m)) | | NI _{ba} | - | SO _{aðal} | - | | - | SO _{hj} | - |

Það er ekki erfitt að koma auga á muninn á mynstrunum sem koma fyrir, í (37), og þeim sem ekki koma fyrir, í (38); í þeim fyrrnefndu eru fallháttarsagnirnar tvær grannstæðar, en í öllum mynstrunum (nema einu; (38g)) í (38) stendur annað andlagið eða bæði á milli sagnanna. Mynstrin í (39) eru því leyfileg í forníslensku, en (40) ekki (NP₀² = tveir, einn eða enginn nafnliður):

- | | | | | | | | | | |
|---------|------------------------------|---|--------------------|---|------------------------------|---|------------------------------|---|------------------------------|
| (39) a. | NI ₀ ² | - | SO _{hj} | - | NI ₀ ² | - | SO _{aðal} | - | NI ₀ ² |
| b. | NI ₀ ² | - | SO _{aðal} | - | SO _{hj} | - | NI ₀ ² | - | |

- | | | | | | | |
|--------|--|--------------------|---|----|---|------------------|
| (40) * | | SO _{aðal} | - | NI | - | SO _{hj} |
|--------|--|--------------------|---|----|---|------------------|

Þetta er athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að (39) kemur ekki heldur fyrir í fornensku (sbr. Pintzuk 1991:166-167). Það bendir til þess að sams konar greining eigi við forníslensku og fornensku að þessu leyti; og þar eð Pintzuk (1991, 1992) hefur fært sterk rök fyrir því að fornenska hafi haft bæði OV- og VO-grunn, benda þessi líkindi enn frekar til þess að forníslenska hafi einnig haft slíkan tvenns konar grunn í sagnlið.

Þau mynstur sem koma fyrir með agnarsögnum styðja þetta enn frekar:

(41) *Setningar með sögn í fallhætti, ögn og einu eða tveimur andlögum*

- | | | |
|----|---|-------------------------------------|
| a. | Nú hafði einn þeirra Skrælingja tekið upp öxi eina. | (Grænendinga saga, s. 1106) |
| b. | Þar mundi eg hafa gefið þér upp eina sök. | (Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1400) |
| c. | Hvenær skaltu upp taka slíkan ágætisgrip? | (Laxdæla saga, s. 1608) |
| d. | Þeir kváðust aldrei vilja sína eigu upp gefa. | (Sturlu saga, s. 97) |

(42) *Setningar með sögn í fallhætti, ögn og einu eða tveimur andlögum*

- | | | | | | | | | |
|----|-------|-------------------|--------------------|------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| a. | (XI)- | SO _{ph-} | SO _{aðal} | - | ÖGN | - | NI _{ba} | |
| b. | (XI)- | SO _{ph-} | SO _{aðal} | - | NI _{ba} | - | ÖGN | |
| c. | (XI)- | SO _{ph-} | ÖGN | - | SO _{aðal} | - | NI _{ba} | |
| d. | (XI)- | SO _{ph-} | NI _{ba} | - | ÖGN | - | SO _{aðal} | |
| e. | * | (XI)- | SO _{ph-} | ÖGN | - | NI _{ba} | - | SO _{aðal} |
| f. | * | (XI)- | SO _{ph-} | NI _{ba} | - | SO _{aðal} | - | ÖGN |

Mynstrin í (42a), (42c) og (42d) eru öll mjög algeng; (42b) er mjög sjaldgæft, og (42e-f) virðast ekki koma fyrir. Ef göngum út frá þeirri venjulegu greiningu að sögnin og ögnin séu grunnmyndaðar grannstætt, og röðin sé sögn - ögn við VO-grunn en ögn - sögn við OV-grunn, þá sýnir (42a) hreina VO-röð, og (42d) hreina OV-röð. (42c) mætti greina sem OV-grunn með frestun andlagsins, sbr. hér að framan.

Óháð því hvorum grunninum við gerum ráð fyrir er eðlilegt að (42e) skuli ekki koma fyrir. Í VO-grunni yrði að leiða (42e) út annaðhvort með því að færa aðalsögnina til hægri yfir ögnina og andlagið, eða með því að færa bæði andlagið og ögnina til vinstri yfir aðalsögnina; hvorugt er fýsilegt. Í OV-grunni erði að leiða (42e) út með því að færa ögnina til vinstri yfir andlagið, sem er ekki fýsilegt heldur.

Á hinn bóginn er það óvænt, sé miðað við VO-grunn, að (42f) skuli ekki koma fyrir. Sé talið að forníslenska hafi eingöngu haft VO-grunn verður að gera ráð fyrir vinstri færslu andlags til að leiða út hið algenga mynstur í (42d). En ef andlagið er fært til vinstri í (42d) er óljóst hvers vegna ekki er líka hægt að færa það til vinstri í (42f). Reyndar mætti þá búast við að (42f) væri algengara en (42d), vegna þess að í afleiðslu (42f) þyrfti aðeins eina færslu, en í (42d) þyrfti að færa bæði andlagið og ögnina.

Önnur hugsanleg afleiðsla (42d), miðað við VO-grunn, væri að gera ráð fyrir að bæði sögnin og ögnin væru færðar til hægri, yfir andlagið. En ef slíkar færslur væru mögulegar hefðum við ekki neina skýringu á því að (42e) kemur ekki fyrir. Við gætum þá m.a.s. búist við að (42e) væri algengari en (42d), þar sem í (42e) þyrfti bara eina færslu, en í (42d) þyrfti enn að færa bæði sögnina og ögnina. Þetta bendir því sterklega til að bæði OV og VO hafi verið mögulegar grunngerðir í sagnliðnum í formáli.

3.5 Opin færíbreyta?

Með þessu er verið að segja að grundvallarorðaröð málsins hafi hvorki verið OV né VO, heldur hvorugt - eða hvorttveggja, eftir því hvernig lítið er á málið. En er hægt að segja það? Því velti Halldór Ármann Sigurðsson fyrir sér (1988) og svaraði neitandi:

[...] it is at least pre-theoretically possible that it had no basic order of constituents within the VP [...]. This is equivalent with saying that verbs were able to govern bidirectionally in Old Icelandic (or Old Scandinavian). I do not find the idea feasible. It is not compatible with the parametric approach to government directionality and basic word order change [...]. Also, it raises the question why verbs should have been able to govern bidirectionally in Old Icelandic as opposed to Modern Icelandic [...]. In short, I believe this solution raises more problems than it solves [...].

Á seinustu árum hafa hins vegar verið settar fram hugmyndir sem ganga þvert á þetta. Þær hugmyndir ganga undir nafninu **tvígrunnstilgátan** (the Double Base Hypothesis), og eru kenndar við Anthony S. Kroch og nemendur hans. Hann hefur hafnað því að allar setningafræðilegar breytingar gerist við skyndilega endurtúlkun, heldur felist a.m.k. sumar þeirra í samtímalegri samkeppni (synchronic competition) milli mismunandi möguleika.

[...] speakers learning a language in the course of a gradual change learn two sets of well-formedness principles for certain grammatical subsystems [...] over historic time pressures associated with usage (presumably processing or discourse function based) drive out one of the alternatives (Kroch 1989a:349).

Þessari hugmynd hefur á síðustu árum verið beitt í umfjöllun um sögu nokkurra mála, s.s. jiddísku (Santorini 1989), forngrísku (Taylor 1990) og fornensku (Pintzuk 1991). Pintzuk segir um hana (1991:9-11):

Under this approach, the gradualness of change and the variation exhibited by individual speakers are not superficial effects or problems to be explained away. Rather, they form an integral part of the theory of syntactic change.

Consider [...] the change from OV to VO base word order in the history of English. [...] Let us assume that the earliest stage of Old English had uniformly OV phrase structure. At some point during the Old English period, VO phrase structure became an option and was used initially at a low frequency. The two base word orders were in competition during the Late Old English period and much of the Middle English period, with VO increasing in frequency at the expense of OV, until the change reached completion towards the end of the Middle English period.

En hvað merkir það í raun og veru að tala um "samtímalega samkeppni"? Eins og áður var nefnt er venjulega gert ráð fyrir því að muninn á OV- og VO-málum megi skýra með mismunandi gildi hausfæribreytunnar (head parameter); þ.e., þeirrar færíbreytu sem ræður því hvoru megin við hausinn (hér sögnina) fylliliðir standa. Ef við höldum því fram að sumar setningar í forníslensku verði að leiða af OV-grunni, en aðrar af VO-grunni, virðumst við vera í vanda. Hvernig getur tvígild færíbreyta haft tvö mismunandi gildi í einu og sama málinu; verið bæði plús og mínus? Athugið að einn og sami málnotandinn hlýtur að hafa haft bæði OV- og VO-raðir á valdi sínu; en ef við höldum því fram að tvígild færíbreyta geti haft bæði gildin í málkerfi eins og sama málnotandans virðist það jafngilda því að afneita færíbreytunni algerlega.

Mér virðist að eðlilegasta og einfaldasta lausnin sé sú að segja að hausfæríbreytan hafi vissulega ekki haft tvö ólík gildi í fornmáli; þess í stað hafi hún verið án gildis (unspecified). Hægt er að líkja þessu við hljóðfræðilega þætti. Í íslensku eru /f/ og /v/ aðgreinandi í framstöðu, en í innstöðu eru þau í fyllidreifingu; [v] kemur fram á undan rödduðum hljóðum en [f] á undan órödduðum. Það hljóð sem við fáum er því annaðhvort raddað eða óraddað, en í raun og veru er engin þörf á að velta því fyrir sér hvort fónemið sé [+raddað] eða [-raddað] í baklægri gerð. Miklu eðlilegra er að segja einfaldlega að baklægt sé fónemið tannvaramælt öng-hljóð, með röddun ótilgreinda; en vegna þess að mállhljóð (andstætt baklægu fónemi) verður að vera annaðhvort raddað eða óraddað lagar hljóðið sem við framleiðum og heyrum sig að umhverfinu hvað varðar röddun.

Ég sé ekkert sem mælir gegn því að setningafræðilegar færíbreytur séu líka án gildis í einstökum tilvikum. Grundvallaratriði í hugmyndum um færíbreytur er að þær séu í einhverjum skilningi "til" þegar börn fæðast; máltakan felist svo í því, m.a., að gefa þessum færíbreytum gildi út frá því máláreiti sem barnið verður fyrir. Oft er talið að börn nýti sér aðeins "positive evidence" í máltökunni, en ekki "negative evidence". Það þýðir að barnið getur aðeins ályktað út frá því sem það heyrir, en ekki út frá því sem það heyrir ekki.

Ef þær setningar sem börn á máltökuskeiði heyrðu í raun og veru fyrr á öldum voru jafn fjölbreyttar og þær sem textar frá þessum öldum hafa að geyma, þá er við því að búast að börnin hafi átt í erfiðleikum með því að gefa færíbreytunni gildi. Sumar setningar benda til að sagnir stjórnir til vinstri, en aðrar virðast sýna að þær stjórnir til hægri. Ein hugsanleg niðurstaða er sú að barnið gefist upp við að gefa færíbreytunni gildi. Það þýðir að bæði OV- og VO-setningar eru í samræmi við hana (eða e.t.v. frekar að hvorki OV- né VO-setningar eru í ósamræmi við hana). Þess vegna er það tilviljanakennt hvora röðina menn nota í máli sínu, og ræðst ekki síst af pragmatískum reglum sem gera verður ráð fyrir hvort eð er. Hér má nefna dæmi sem sýna hversu erfitt það hefur verið að gefa færíbreytunni ákveðið gildi:

(43) *Tíðni nokkurra orðasambanda í fornmálestextum*

<i>VO-raðir</i>		<i>OV-raðir</i>	
hafa verið	72	verið hafa	136
hafa + lh.þt.	357	lh.þt. + hafa	403
verið + lh.þt.	26	lh.þt. + verið	47

Há tíðni stílfærslu getur líka hafa gert börnum erfiðara um vik að gefa hausfæríbreytunni gildi. Enda þótt stílfærsla sé vissulega algeng og fullkomlega tæk í nútímamáli er henni ekki líkt því alltaf beitt þar sem skilyrði væru fyrir hendi. Í fornu máli virðist hins vegar sem stílfærsla sé nær alltaf beitt ef hægt er, og það leiðir til mjög hárrar tíðni OV-raða á yfirborði, einkum í tilvísunarsetningum eins og (44) (sbr. líka Kossuth 1978b):

(44) a. Hann ... sagði Ásbirni þau tíðindi sem orðið höfðu.

(*Fimboga saga ramma*, s. 650)

b. sveinninn ... heilsar þeim vel er komnir voru.

(*Hænsna-Þóris saga*, s. 1420)

c. Sá fór er sendur var ...

(*Króka-Refs saga*, s. 1518)

Niðurstaða mín er því sú að allt bendi til að ekki fáist viðunandi lýsing á orðaraðartilbrigðum í forníslensku ef gert er ráð fyrir því að röð hauss og fylliliðar sé alltaf hin sama í grunngerð; bæði reynslurök og fræðileg rök mæli með því að taka tvígrunnskenninguna fram yfir kenningar um einn og sama grunn í öllum setningum (hvort sem það væri OV eða VO). Dreifing aðalsagna, agna og fornafnaandlaga bendir

sterklega til þess að bæði OV og VO hafi verið mögulegar grunngerðir í sagnliðnum í forníslensku. Með því er verið að segja að grundvallarorðaröð málsins hafi hvorki verið OV né VO, heldur hvorugt - eða hvorttveggja, eftir því hvernig liðið er á málið. Með því móti, og með því að gera einnig ráð fyrir hægri færslum fullkominna nafniða, sem þörf er á hvort eð er, fáum við eðlilegar og einfaldar skýringar á þeim orðaraðum sem eru langsamlega algengastar í fornu máli. Þar með skýrum við líka hvers vegna einmitt þessar orðaraðir eru algengastar; það er vegna þess að afleiðsla þeirra er einföldust.

4. Breytileiki

4.1 Tilviljanakenndur breytileiki

Í flestum málum taka sagnir fylliliði sína annaðhvort á undan sér eða eftir, en ekki ýmist á undan eða eftir án þess að hægt sé að finna einhverjar sérstakar ástæður fyrir því. Í nútímaíslensku koma fylliliðir sagna t.d. á eftir þeim, eins og áður er bent á. Í þýsku fara fylliliðir aftur á móti á undan sögnum; undantekningin er persónuháttarsagnir í aðalsetningum, en hægt er að sýna fram á að þær séu upprunnar aftast í setningu og færðar fram með sérstakri reglu. Vissulega eru til ýmsar undantekningar frá slíkum reglum. Þannig hefur nútímaíslenska ýmis dæmi um að andlag fari á undan sögn í fallhætti, eins og sést í (45a-b) (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1987):

- (45) a. Ég hef engan séð.
b. Ég hef fáa séð.
c. *Ég hef hann séð.
d. *Ég hef Svein séð.

Þetta er þó bundið við andlög af ákveðinni gerð, kvantara eða magnliði. Þannig er ekki hægt að hafa t.d. fornöfn eða sérnöfn á undan lýsingarhættinum, eins og (45c-d) sýna. Í þýsku getur líka ákveðin tegund andlaga farið á eftir sögninni, einnig í aukasetningum; það eru fallsetningar, eins og áður hefur verið bent á:

- (46) a. Ich weiß, daß er gesehen hat, daß ...
b. *Ich weiß, daß er gesehen hat mich.

Í báðum þessum tilvikum er því um að ræða kerfisbundnar undantekningar; andlög af ákveðinni tegund, sem er afmörkuð merkingarlega eða setningafræðilega, haga sér öðruvísi en önnur andlög. Í báðum tilvikum er hægt að koma með skýringar á þessari sérvísku, en þær skipta ekki máli hér.

Á eldri stigum íslensku virðist þessu aftur á móti vera öðruvísi varið. Þar verða ekki fundin nein sérkenni sem réttlæti hvert orðaraðartilbrigði, ef svo má segja. Sömu orðin eða liðirnir standa sem andlag sömu sagna, og koma ýmist á undan eða eftir. Íðulega kemur mismunandi röð fyrir í setningum sem standa saman, eins og Halldór Ármann Sigurðsson hefur bent á (1988:14-15):

- (47) a. (að) fáir eða öngvir muni sterkari *verið hafa* á Íslandi
þeirra er einhamir *hafa verið*. (*Finnboga saga ramma*, s. 661)
b. (ef) nokkrir *hefðu séð* þetta fé og kvaðst enginn *séð hafa*.
(*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1399)
c. (að) henni þótti hann eigi *hafa* sér allt satt til *sagt* um útkomu Kjartans.
Bolli kvaðst það *sagt hafa* sem hann vissi þar af sannast.
(*Laxdæla saga*, s. 1604)

Það er auðvitað enginn vafi á því að það er ekki alltaf tilviljanakennt hvaða orðaröð er notuð; fornafnaandlög eru t.d. mun líklegri en önnur andlög til að fara á undan fallháttarsögn, eins og áður er nefnt (sjá Halldór Ármann Sigurðsson 1988). En þar er um tilhneigingu að ræða, en ekki fasta, ófrávíkjanlega reglu. Án efa er hægt að finna fleiri dæmi um einhverjar slíkar tilhneigingar til að taka eina orðaröð fram yfir aðrar

hugsanlegar við tiltekna aðstæður. Það er hins vegar mjög erfitt að segja til um hvers eðlis slíkar tilhneigingar eru; hvort þær tengjast stíl, frásagnarefni, aldri texta, einstökum höfundum, o.s.frv. Þótt þetta séu mjög spennandi spurningar verður ekki leitað svara við þeim hér; þær lenda utan ramma þessarar athugunar. Meginatriðið er að setningafræði forn máls hefur leyft þá fjölbreytni sem hér er sýnd, en setningafræði nútímamáls gerir það ekki.

4.2 Þróun breytileikans

Yfirleitt hefur verið gert ráð fyrir því að aðstæður eins og þessar, þar sem slíkur fjölbreytileiki kemur fram í orðaröð, beri vott um að málbreyting sé að gerast eða nýyfyrstaðin (sjá t.d. Lightfoot 1979, 1991; Halldór Ármann Sigurðsson 1988). Þá séu í raun tvö málkerfi í gangi samtímis í málsamfélaginu, annað víkjandi, hitt í sókn. Sitthvað mælir þó gegn því að líta þannig á breytileikann sem hér er til umræðu. Í fyrsta lagi er það svo að allir textar sem ég hef skoðað, allt fram á 19. öld, sýna þennan breytileika. Það er sem sé ekki þannig að sumir málnotendur á tilteknum tíma hafi röðina OV, en aðrir VO. Málkerfi allra virðist leyfa báðar raðirnar.

Í öðru lagi er venjulega talið að slíkir breytingatímar standi ekki mjög langan tíma. Við getum borið íslensku saman við fornensku. Þar gerist svipuð breyting, en hún virðist ekki taka nema 2-300 ár; (sbr. van Kemenade 1987; Lightfoot 1991; Pintzuk 1991). Í íslensku varir breytileikinn aftur á móti a.m.k. 700 ár. Hann kemur fram í elstu varðveittu textum, og nær fram á miðja 19. öld, að því er virðist.

Þróun þessa breytileika hefur reyndar lítið verið skoðuð fram að þessu; helsta undantekningin er ritgerð Þorsteins G. Indriðasonar (1987). Hann skoðaði texta frá 13. til og með 19. öld, 2-3 texta frá hverri öld. Í könnun hans kom í ljós að á fyrri hluta 19. aldar virtist OV-raðar enn gæta í u.þ.b. fjórðungi tilvika þar sem hún var möguleg á annað borð.

Ég hef athugað brot úr alls rúmlega 30 textum frá öllum tímum ritaldar, allt frá því um 1200. Þeir textabútar sem ég hef skoðað eru nokkuð mislangir, en yfirleitt hef ég miðað við það að hafa nógu mikinn samfelldan texta til að ná 100 setningum þar sem OV-röð væri hugsanleg. Ef ekkert dæmi um OV-röð kemur fyrir í þessum 100 setningum má væntanlega slá því föstu að hún komi vart fyrir í textanum með marktækri tíðni.

Þeir textar sem ég athugaði eru af ýmsum tegundum. Æskilegast hefði auðvitað verið að skoða nokkrar tegundir texta frá hverjum tíma, hverri öld t.d., og bera saman við sömu textategundir frá öðrum öldum. Þetta er þó því miður ekki hægt, heldur verður að sæta því að notast við þá texta sem til eru. Þar að auki lendir maður ævinlega í þeim vandamálum sem þekkt eru í sögulegri setningafræði; höfundar textanna eru ekki þekktir, textarnir eru aðeins varðveittir í eftirritum sem eru stundum mörgum öldum yngri en frumritin; útgáfur eru misjafnlega traustar; o.s.frv.

Það má vissulega deila um hvernig eigi að flokka setningar í slíkri talningu. Ég miðaði við það hvort einhver OV-einkenni væri að finna; þ.e., hvort einhverjir þeir fylliliðir sem verða að koma á eftir sögninni í nútímamáli stæðu fyrir framan hana. Ef svo var, flokkaði ég setninguna sem OV. Þá verður að gæta þess að mjög oft tekur sama sögnin með sér fleiri en einn fyllilið; og þótt einn þeirra fari á undan sögninni geta aðrir staðið á eftir henni, og setningin er samt flokkuð sem OV.

Í athugun minni kom í ljós að hlutfall setninga sem sýna OV-einkenni helst mjög svipað allt frá elstu textum fram á seinni hluta 18. aldar; nær alltaf á bilinu 30-50% eftir textum. Helstu frávikin er að finna í nokkrum textum frá tveggja alda bili, frá því um miðja 16. öld til miðrar 18. aldar; þar fer OV-hlutfallið um og yfir 60%. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart; það hefur löngum verið talið að á þessum árum gætti erlendra áhrifa, ekki síst lágbýskra, á ritmálið einna mest. Vegna þess að þýska hefur OV-röð í sagnlið mætti búast við aukningu þeirrar orðaraðar í íslensku á þessum tíma. Þetta á þó ekki við nema um suma texta frá þessu tímabili; og leggja verður áherslu á að ef um slík áhrif er að ræða hér felast þau í styrkingu orðaraðar sem fyrir var í málinu, en ekki uppkomu nýrrar. Öðru máli gegnir um annað einkenni á mörgum textum frá þessum tíma; setningar þar sem sögn í **persónuhætti** stendur aftast í aukasetningum, á eftir fylliliðum sínum (sjá t.d. Jakob Jóh. Smára 1920). Það er aftur á móti málbreyting, því að þar er um að ræða setningagerð sem ekki var fyrir í málinu.⁶


⁶ Því má bæta við að í talningunni greindi ég milli aðal- og aukasetninga, þótt sú flokkun væri ekki mjög nákvæm. Í meginhluta textanna voru tölur um aðal- og aukasetningar svipaðar. Í fjórðungi þeirra var þó tíðni OV-raða talsvert hærrí í aukasetningum en

Það er ekki fyrr en á 19. öld sem OV-einkenni taka að dvína að ráði, og þá hverfa þau að mestu á tiltölulega stuttum tíma. Mér sýnist að þeirra gæti yfirleitt lítið sem ekkert í ritum manna sem fæddir eru eftir aldamótin 1800.⁷ Þessar tvær raðir, OV og VO, lifa því í sagnliðnum í a.m.k. sjö aldir. Það er athyglisvert, því að þetta er miklu lengri tími en í skyldum málum. Hins vegar virðast OV-einkenni hverfa á tiltölulega skömmum tíma, kringum miðja 19. öld.

Viðmið Þorsteins G. Indriðasonar (1987) í áður nefndri könnun eru nokkuð önnur en mín, en að teknu tilliti til þess sýnist mér að niðurstöður okkar séu ágætlega samrýmanlegar. Ég hef hins vegar skoðað talsvert fleiri texta en hann, einkum frá 19. öld, og því næg ég í lok breytingarinnar. Því má bæta hér við að Þorbjörg Hróarsdóttir (1995) vinnur nú að meistaraþrófsritgerð þar sem hún skoðar bréf frá seinni hluta 18. aldar og fyrri hluta þeirrar 19. Niðurstöður hennar renna enn styrkari stöðum undir það að OV-raðir hverfi snemma á 19. öld.

4.3 Sjö alda breytingaskeið?


Það er ljóst af framansögðu að þarna hefur orðið setningafræðileg breyting, því að OV-raðir hafa horfið að mestu úr málinu; og sú breyting gengur yfir, a.m.k. í ritmálinu, á fyrri hluta 19. aldar. Spurningin er hins vegar hvernig eigi að líta á aldirnar þar á undan, þegar bæði formin eru algeng. Á að líta á allan þennan tíma sem breytingaskeið sagnliðarins? Það eru til ýmis módel um hvernig málbreytingar gangi fyrir sig. Eitt hið þekktasta er hin svonefnda S-kúrfa (sjá t.d. Kroch 1989b; Pintzuk 1991:314):



Þetta á að sýna að breytingar fara hægt af stað; eitt og eitt dæmi finnst á stangli lengi framan af. Þeim fjölgar þó smátt og smátt, og á einhverjum tíma er eins og stífla bresti, og breytingin tekur mikinn kipp. Þegar hún er að mestu gengin yfir hægir aftur á henni, og síðasta stigið er spegilmynd af því fyrsta; gamla gerðin er lengi að deyja út, dæmum um hana fækkar smátt og smátt.

Ef við teljum allan þennan tíma, frá um 1200 (eða fyrr) til miðrar 19. aldar, vera breytingatíma, þá fellur það mjög illa að þessu módeli. Í fyrsta lagi er tíminn miklu lengri en yfirleitt er gert ráð fyrir. Í öðru lagi er það svo, að jafnvel þótt við vildum teygja á módelinu og leyfa svo langan breytingatíma, þá er það alls ekki svo að tíðni VO-raða sé lægst á 13. öld. síðan aðeins hærrí á þeirri 14., enn hærrí á þeirri 15. o.s.frv., þangað til hún nær að lokum algerum völdum á 19. öld. Þvert á móti; meðaltíðnin virðist vera nokkuð stöðug allan tímann.

Ef við lítum svo á að breytileikinn frá 13. til 18. aldar sýni breytingu í gangi, þá yrði sú kúrfa sem teiknuð yrði af henni þveröfug við S-kúrfuna. Að vísu er erfitt að segja um upphafið, en endirinn yrði a.m.k. brattur. Við fengjum sem sagt kúrfu eins og sýnd er í (49):



í aðalsetningum. Það kom mér ekki beinlínis á óvart, en hitt fannst mér merkilegra að í fjórum textum var tíðni OV-raða nokkru lægri í aukasetningum en í aðalsetningum. Mestur var munurinn í tveimur 17. aldar textum; en munurinn í hina áttina var reyndar mestur líka í 17. aldar texta.

⁷ Þannig eru engin dæmi í Grasaferð Jónasar, ritgerð Jóns Sigurðssonar um skóla, Íslandssögu Boga Th. Melsteðs, og fleiri textum sem ég skoðaði frá svipuðum tíma. Aftur á móti er nokkuð af dæmum í Ævisögu Gísla Konráðssonar, ferðalýsingum Sigurðar Breiðfjörðs, Frá Grænlandi, og fleiri textum höfunda sem eru fæddir skömmu fyrir 1800.

Svona kúrfa er öðruvísi en allar aðrar sem ég hef séð og eiga að lýsa málbreytingum.

Hinn möguleikinn er að líta ekki á tímarn frá 13. til 18. aldar sem breytingatíma, heldur sem tíma stöðugs breytileika - eða breytilegs stöðugleika, ef menn vilja heldur. Vissulega væri tíðni hinna mismunandi orðaraða mishá eftir textum; en sá breytileiki væri einstaklingsbundinn og/eða háður gerð textans, en ekki tímanum. Þar með væri gert ráð fyrir því að allan tímarn byggji hver málnotandi í raun yfir kerfi sem leyfði bæði OV- og VO-grunn. Ef þetta væri gert yrði hinn raunverulegi breytingatími aðeins þeir áratugir í lok 18. aldar og fram um miðja 19. öld þegar OV-einkennum fækkar að ráði, uns þau hverfa nokkurn veginn á seinni hluta 19. aldar. Það væri í sjálfu sér mjög eðlilegur breytingatími - u.þ.b. 100 ár eða svo.

Sé þessi kostur tekinn er hins vegar dálítið erfitt að meta breytinguna. Venjulega líta menn svo á að málbreyting felist í því að nýtt form af einhverju tagi kemur upp - ný framburðarmynd, ný beygingarmynd, ný orðaröð o.s.frv. - og lifir við hlið þeirrar eldri í ákveðinn tíma, en styrkist smátt og smátt á kostnað þeirrar eldri, uns sú eldri hverfur að lokum. S-kúrfan, og aðrar slíkar, geta hentað ágætlega við að lýsa málbreytingum af þessu tagi.

En öðru máli gegnir með breytingu eins og þá sem hér um ræðir. Þar eru nefnilega bæði formin til þegar breytingin hefst, og þess vegna er útilokað að negla niður upphaf hennar. Vænlegast væri að reyna að komast sem næst því því hvenær (sennilega um miðja 18. öld) hlutfall VO-raða fer að hækka, og athuga síðan hvort hægt er að nota S-kúrfuna til að lýsa þróuninni eftir það. Þetta er hins vegar erfitt, vegna þess að hlutfallið er allan tímarn talsvert misjafnt í ólíkum textum.

4.4 Ástæður breytingarinnar

En hvernig stendur á því að breytingin, hvarf OV-raða, gerist svona tiltölulega snögg? Um það er erfitt að segja. Það er auðvitað óvíst, eins og ævinlega í sögulegri setningafræði, hversu mikið er hægt að byggja á textunum. Það er ljóst að þau orðaraðartilbrigði sem um ræðir eru að einhverju leyti stílbundin, og ákaflega erfitt er að segja að hversu miklu leyti textarnir sýna orðaröð samtímalegs talmáls.

Það má auðvitað halda því fram að tíðni OV-raða á seinni öldum sýni ekki raunverulegt mál landsmanna á þeim tíma, heldur sé þar um að ræða ritmálseinkenni sem hafi haldist vegna áhrifa fornsagna. Þetta er vissulega hugsanlegt, og án efa rétt að einhverju leyti. En þetta svarar því samt ekki hvers vegna þessi áhrif hverfa á fyrri hluta 19. aldar. Að þessu leyti er OV-röð gerólík frásagnarumröðun, sem enn er fullkomlega tæk í þeim stíltegundum þar sem hún á við (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1994).

Þótt hér verði ekki reynt að setja fram fullnaðarskýringu á snöggu hvarfi OV-raða virðist líklegt að það megi rekja bæði til innri og ytri aðstæðna. Þær innri aðstæður sem um er að ræða eru aðrar málbreytingar sem virðast vera að gerast um svipað leyti; lakkandi tíðni stílfærslu, tilkoma "gervifrumlagsins" það, og hvarf "núllliða".

Stílfærsla veldur því mjög oft að OV-röð kemur fram á yfirborði, og því er hugsanlegt að hún hafi átt þátt í að viðhalda OV-röð í sagnlið, eins og áður er bent á. Notkun "gervifrumlagsins" það, sem oft kemur "í stað" stílfærslu, virðist hins vegar fara vaxandi í upphafi 19. aldar (sbr. einnig Þorbjörgu Hróarsdóttur 1995). Þess vegna fækkar OV-röðum á yfirborði, og það gæti hugsanlega hafa flýtt fyrir breytingunni.

Einnig má benda á að svo virðist sem "núllfrumlög" og andlög hverfi úr málinu á svipuðum tíma og OV-raðir (sbr. Þóru Björk Hjartardóttur 1993). Það er freistandi að reyna að tengja þetta á einhvern hátt. Sú kenning hefur reyndar verið sett fram (Adams 1987) að sagnir leyfi núllliði aðeins sömu megin við sig og þær taka fylliliði sína. Þetta myndi þýða að "núllfrumlög" hyrfu sjálfkrafa þegar sagnir hættu að geta tekið fylliliði á undan sér; þ.e., þegar OV-röð væri ekki lengur í samræmi við málkerfið.

Við vitum að Fjölnismenn og aðrir málhreinsumarmenn á fyrri hluta 19. aldar leituðust við að útrýma stirðum kansallistíl og færa ritmálið nær talmálinu að ýmsu leyti. Það er vel líklegt að ein meginástæðan fyrir því hversu breytingin gengur hratt yfir í ritmálinu sé sú að hún var þegar orðin að verulegu leyti í talmálinu.

Ég held þó að það hafi í raun og veru verið á 19. öld sem OV-röð hætti að vera hluti lifandi málkerfis; ég hef ekki trú á að tiltekinn stíll geti haldið við setningagerð sem ekki er lengur hluti af málkerfi málnotendanna.

En jafnvel þótt við gætum sýnt fram á að í byrjun 19. aldar, og kannski löngu fyrr, hefðu OV-raðir verið horfnar úr talmáli, þá sýnir það ekki að breytingin sé gengin yfir í raun og veru; þ.e., það sýnir ekki að slíkar setningar séu ekki lengur í samræmi við málkennd fólks. Ég held einmitt að þarna sé víxlverkun. Orðaröð af þessu tagi hefði ekki getað haldist, nema af því að málnotendur höfðu tilfinningu fyrir henni; en síðan voru stílfræðilegar ástæður fyrir því að þessi röð var svo mikið notuð sem raun ber vitni, og sú tíðni hjálpaði til við að halda máltilfinningunni lengur lifandi að þessu leyti. En þetta er vissulega mál sem þarf að skoða miklu betur.

5. Niðurstöður

Meginniðurstöðurnar eru sem sé þessar:

Þau mynstur sem fyrir koma í sagnliðnum í fornu máli eru ákaflega fjölbreytt, en af mismunandi tíðni þeirra, og þeirri staðreynd að sumar tegundir mynstra koma ekki fyrir, má sjá að orðaröð í sagnlið var ekki alveg frjáls, heldur laut ákveðnum setningafræðilegum lögmálum; og þessa mismunandi tíðni, og þær eyður sem fyrir koma, má nota til að rökstyðja ákveðnar fræðikenningar um það hvernig gera megi grein fyrir slíkum breytileik.

Ýmis orðaraðartilbrigði sem koma fyrir á eldri stigum íslensks ritmáls geta ekki geta gengið í nútímaíslensku. Að því leyti er óhjákvæmilegt að telja að setningafræðileg breyting hafi orðið. Hins vegar er mjög erfitt að átta sig á því þróun þessarar breytingar, vegna þess að valið á milli þeirra möguleika sem fyrir koma er að einhverju leyti háð stíl. Því er óvíst að hversu miklu leyti er hægt að rekja þróunina eftir varðveittum textum. Hitt virðist nokkuð ljóst að kringum miðja 19. öld hættir eldri orðaröðin að vera hluti af lifandi málkerfi fólks, eftir að tvær meginorðaraðir hafa lifað hlið við hlið í a.m.k. 7 aldir. Það er miklu lengri tími en í skyldum málum þar sem hliðstæð breyting hefur orðið. Um ástæður þess verður ekki fullyrt.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
Áragnarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
eirikur@rhi.hi.is

Textar

Íslendinga sögur; ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985-86:

Bandamanna saga, Bjarnar saga Hítðalakappa, Brennu-Njáls saga, Egils saga Skalla-Grímssonar, Eyrbyggja saga, Finnboga saga ramma, Fljótsdæla saga, Flóamanna saga, Fóstbræðra saga, Gísla saga Súrssonar, Grettis saga Ásmundarsonar, Grænlendinga saga, Hallfreðar saga vandræðaskálds, Harðar saga og Hólmverja, Hrafnkels saga Freysgoða, Haensna-Þóris saga, Króka-Refs saga, Laxdæla saga, Ljósvetninga saga, Reykdæla saga, Vatnsdæla saga, Víga-Glúms saga, Víglundar saga, Þiðrandi þáttur.

Sturlunga saga; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988:

Guðmundar saga dýra, Íslendinga saga, Sturlu saga, Þorgils saga og Hafliða, Þorgils saga skarða. Þórðar saga kakala.

Heimskringla; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og

menning, Reykjavík, 1991:

Haralds saga Sigurðarsonar, Hákonar saga herðibreiðs, Ólafs saga Tryggvasonar, Ólafs saga helga.

Heimildir

- Adams, Marianne. 1987. From Old French to the Theory of pro-drop. *Natural Language and Linguistic Theory* 5:1-32.
- Andersen, Henning. 1973. Abductive and Deductive Change. *Language* 49:765-793.
- Chomsky, Noam. 1993. A Minimalist Program for Linguistic Theory. Samuel Jay Keyser & Kenneth Hale (ritstj.): *The View from Building 20*. Essays in Linguistics in Honor of Sylvain Bromberger, bls. 1-52. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1987. OV Word Order in Icelandic. R.D.S. Allen & Michael P. Barnes (ritstj.): *Proceedings of the Seventh Biennial Conference of Teachers of Scandinavian Languages in Great Britain and Northern Ireland*, bls. 33-49. University College, London.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. Old Icelandic: A Non-Configurational Language? *NOWELE* 26:3-29.
- Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.
- Falk, Cecilia. 1993. *Non-Referential Subjects in the History of Swedish*. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund.
- Haegeman, Liliane, og Henk van Riemsdijk. 1986. Verb Projection Raising, Scope, and the Typology of Rules Affecting Verbs. *Linguistic Inquiry* 17:417-466.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1988. From OV to VO: Evidence from Old Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 34.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund (endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík).
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Icelandic Case-marked PRO and the Licensing of Lexical Arguments. *Natural Language and Linguistic Theory* 9:327-364.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Holmberg, Anders. 1986. *Word Order and Syntactic Features in the Scandinavian Languages and English*. Doctoral dissertation, University of Stockholm, Stockholm.
- Höskuldur Þráinsson. 1990. *Setningafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi og öðrum þeim sem yndi hafa af setningafræði. 4. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jonas, Dianne, and Jonathan D. Bobaljik. 1993. Specs for Subjects: The Role of TP in Icelandic. Jonathan D. Bobaljik & Colin Phillips (ritstj.): *Papers on Case and Agreement I*, bls. 59-98.
- van Kemenade, Ans. 1987. *Syntactic Case and Morphological Case in the History of English*. Foris, Dordrecht.
- Kossuth, Karen C. 1978. Typological Contributions to Old Icelandic Word Order. *Acta philologica Scandinavica* 32:37-52.
- Kroch, Anthony S. 1989a. Language Learning and Language Change. Commentary on Lightfoot: Language Learnability. *Behavioral and Brain Sciences* 12:348-349.
- Kroch, Anthony S. 1989b. Reflexes of Grammar in Patterns of Language Change. *Language Variation and Change* 1:199-244.
- Lehmann, Winfred P. 1974. *Proto-Indo-European Syntax*. University of Texas Press, Austin.
- Lightfoot, David S. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Lightfoot, David S. 1991. *How to Set Parameters: Arguments from Language Change*. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Pintzuk, Susan. 1991. *Phrase Structures in Competition: Variation and Change in Old English Word Order*.

- Doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Philadelphia.
- Pintzuk, Susan. 1992. Phrase Structure Variation in Old English. *Second Diachronic Generative Syntax Workshop*.
- Platzack, Christer. 1986. COMP, INFL, and Germanic Word Order. Lars Hellan & Kirsti Koch Christensen (ritstj.): *Topics in Scandinavian Syntax*, bls. 185-234. Reidel, Dordrecht.
- Santorini, Beatrice. 1989. *The Generalization of the Verb-Second Constraint in the History of Yiddish*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Philadelphia.
- Taylor, Ann. 1990. *Clitics and Configurationality in Ancient Greek*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Philadelphia.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. 1995. MA-ritgerð um setningafræðilegar breytingar í byrjun 19. aldar. Í vinnslu.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1987. Skýrsla um orðaröð í sagnlið. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 1993. *Getið í eyðurnar*. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.